

Þriðjudagur 25.8.2020

Smölun á Gnúpverjafrétt og Skaftholtsréttir.

Gnúpverjar taka að sér að smala norðurleitina og fara inn yfir sand. Smalar blandast því ekki á milli afrétta.

Sandleit fara 6 manns. Gista í Hólaskóg 2.sept, Gljúfurleit 3.sept, Tjarnarveri 4 og 5.sept, Bjarnalækjarbotnum 6 og 7.sept, Gljúfurleit 8. Sept og Hólaskóg 9.sept.

Norðurleit fara 9 manns. Gista í Bjarnalækjarbotnum 6 og 7.sept, Gljúfurleit 8.sept og Hólaskóg 9.sept.

Dalsá far 11 manns. Gista í Hólaskóg 6,7,8 og 9 sept.

Sandleitarar og Norðurleitarar koma saman í Bjarnalækjarbotnum 6. Sept og verða einn hópur út fjallferð, 15 manns.

Dalsármenn gista allar nætur í Hólaskóg. 7. Sept ríða þau inn í Gljúfurleit, skilja þar hrossin eftir og verða sótt og keyrð aftur í Hólaskóg. Tveir menn verða eftir í Gljúfurleit til að líta til með hrossum. Þeir gista í Gljúfurleit en verða eingöngu á ákveðnu svæði í kofanum og verður sá hluti sótthreynsaður morguninn eftir. 8. Sept er fólkið keyrt inn í Gljúfurleit og ríða þau inn að Dalsá og smala svo framm í Gljúfurleit ásamt sand- og norðurleiturum. Þau verða þá keyrð aftur í Hólaskóg og koma aldrei inn í Gljúfurleitarkofa. 9.sept verða þau keyrð inn í Gljúfurleit og smala framm í Hólaskóg ásamt Sand- og Norðurleiturum.

Þann 9. Sept verða allir smalar komnir í Hólaskóg. Húsinu verður skipt í tvö svæði. Dalsármenn verða niðri þar sem eru kojur og matsalur í sama herberginu og nota eldhúsið þar. Sand- og Norðurleitarar verða uppi með dýnur í tveimur herbergjum og nota eldhúsið þar. Það eru tvö salerni og tvær sturtur og verður þeim skipt upp fyrir hvorn hópin fyrir sig.

Smalað verður frá Hólaskóg og fram í Fossnes 10.sept. Oft hefur komið eitthvað af fólki á móti safninu þann dag, en mælst verður til þess að fólk láti það ógert.

Reynt verður að fá að senda fólk í skimun 2-3 dögum fyrir fjallferð.

Réttir

Réttir verða lokaðar almenningi. Afréttarmálanefnd hefur deilt niður hvað hver bær má senda marga menn í réttir, fer það eftir fjölda fé frá hverjum bæ á afrétt og eru fjallmenn með í þeirri tölu. Gerður verður listi með nöfnum á því fólki sem hver bær sendir. Í hliðinu inn á svæðið verður björgunarsveitarfólk með nafnalistan og hleypir þeim inn sem eru á þeim lista sem og telja inn á svæðið. Á listanum verða 95 manns til réttarstarfa, reiknað er með 5 manns í hliðvörslu og þrif og sótthreynsun á salernum sem og sóttvernarfulltrúa sem sveitarstjórn skipar. Vaskar eru á staðnum til þvottar og verður þar sápa og sótthreynsispritt. Börn fædd 2005 og yngri megi vera í umsjón forráða manna sem leifi hafa til að mæta í réttina. Nöfn þeirra verða einnig á nafnalistanum í hliðinu.

Austurleitarar stoppa með sitt safn í safngerði við réttirnar en koma ekki inn á réttarsvæðið. Við sjáum um að draga fé sem tilheyrir þeim og rekum það svo inn í safngerðið til þeirra.

Sveitarfélagið skaffar hreinsiefni, handsápur spritt, grímur, hanska sem og þann búnað sem þarf að vera til staðar bæði í fjallferð og réttum.

Með þessum útfærslum á smalamennsku og réttum ásamt því að fylgja leiðbeiningum sem gefnar voru út af embætti landlæknis, landsamtökum sauðfjárbænda, bændasamtökum Íslands, sambandi íslenskra sveitarfélaga og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra teljum við að hægt verði að halda smithættu í algjöru lagmarki.

Afréttarmálanefnd.